

## REGLUGERÐ um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu.

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja samræmi í afköstum, rekstrarsamhæfi og skilvirkni kerfa sem gegna hlutverki við veitingu kögunargagna, kerfishluta þeirra og tengdra verkferla innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. gr.

*Gildissvið.*

Gildissvið reglugerðar þessarar tekur til flugs sem starfrækt er sem almenn flugumferð og í samræmi við blindflugsreglur innan EUR og AFI svæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu 3. og 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1207/2011 gilda um alla almenna flugumferð innan lofthelgi Íslands.

3. gr.

*Lögbært yfirvald og framkvæmd.*

Samgöngustofa telst lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð þessari og hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1207/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236 frá 13. desember 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 4 frá 23. janúar 2014, bls. 503.

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 57. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2015.

*Innanríkisráðuneytinu, 18. desember 2014.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014